

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

Söluverð búvéla kr.	Prófunargjald kr.
Undir 10 000	7 500
10 000— 49 999	9 300
50 000— 99 999	11 100
100 000—149 999	12 900
150 000—199 999	14 700
200 000—249 999	16 500
250 000—299 999	18 300
300 000—349 999	20 400
350 000—399 999	21 900
400 000—449 999	23 700
450 000—499 999	25 500
500 000—549 999	27 200
550 000—599 999	29 100
600 000 eða hærra	30 900

Ef umboðsmaður óskar eftir að prófun sé hætt áður en fullnaðarprófun er lokið (9. gr. um prófun búvéla nr. 7 9. janúar 1976) skal greiða gjaldið í hlutfalli við notkunartíma vélarinnar eða eftir nánari ákvörðun Rannsóknastofnunar landbúnaðarins.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 64 21. maí 1965 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 4. janúar 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð frá 9. desember 1987, um breytingar á reglugerðum um greiðslur sjúkratryggðra samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, sem verði 4. mgr. og orðist svo:

Krabbameinsleit á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 500 fyrir hverja komu, sem renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýnis, röntgenmyndar og leitarstarfsins. Félagið endurgreiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Íslands um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 170.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 43. gr. laga um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. janúar 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.